

**74. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 6. nóvember 2018
og hófst hann kl. 08:10.**

Fundinn sátu:

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Aðalsteinn Egill Traustason aðalmaður, Helga Dóra Kristjánsdóttir aðalmaður og Steinunn Guðný Einarsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Arna Ýr Kristinsdóttir.

Embættismenn:

Hálf dán Bjarki Hálf dánsson, upplýsingafulltrúi, Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi og Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Fundargerð ritaði: Hálf dán Bjarki Hálf dánsson, upplýsingafulltrúi.

Magnús Einar Magnússon mætti ekki til fundar og enginn í hans stað.

Dagskrá:

1. Sorpmál 2018 eftirlit GV - 2018010004

Umhverfisfulltrúi upplýsti umhverfis- og framkvæmdanefnd um stöðu mála og fulltrúi Gámaþjónustu Vestfjarða kom til fundar við nefndina.

Fram kom í máli umhverfisfulltrúa og fulltrúa Gámaþjónustu Vestfjarða að 3.190 kg af lífrænum úrgangi hafi komið úr fyrstu söfnun, en áætlanir gera ráð fyrir að á ári hverju safnist milli 90 og 170 tonn. Fyrsti jarðgerðargámurinn af sex er kominn á Funa og söfnun og úrvinnsla fer vel af stað. Nefndin þakkar framkomnar upplýsingar.

Gestir

Gunnar Árnason - 08:10

Gunnar Árnason yfirgaf fundinn klukkan 9.35.

2. Framtíðarskipulag útivistarsvæðis í Skutulsfirði - 2017030089

Umræður um framtíðarskipulag verkefnisins.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd samþykkir verkáætlun þriggja manna starfshóps um framtíðarskipulag útivistarsvæðis í Skutulsfirði. Samkvæmt henni er gert ráð fyrir fyrstu verkáætlunum og hugmyndum í kringum áramót.

3. Aðgerðir Ísafjarðarbæjar í loftslagsmálum - 2018110005

Umræður um mögulegar aðgerðir Ísafjarðarbæjar í loftslagsmálum.

Starfsmanni nefndarinnar falið að taka saman tillögur að aðgerðum og leggja fyrir næsta fund nefndarinnar.

4. Fráveita og umhverfi - 2018110004

Lagt fram minnisblað Ralfs Trylla, umhverfisfulltrúa, dagsett 5. nóvember sl., um ábendingar til íbúa varðandi umgengni um fráveitukerfi sveitarfélagsins.

Nefndin felur umhverfisfulltrúa að kynna málið fyrir íbúum og fyrirtækjum á alþjóðlega salernisdeginum þann 19. nóvember.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:08

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Aðalsteinn Egill Traustason

Helga Dóra Kristjánsdóttir

Arna Ýr Kristinsdóttir

Hálf dán Bjarki Hálf dánsson

Ralf Trylla

Brynjar Þór Jónasson